**Nd. 539. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 6. lið 6. gr. bætist: Þó aldrei yfir 5%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram borið til að koma á útlánsvaxtalækkun á þeim landbúnaðarlánum og þá öðrum lánum, sem tekin hafa verið í sjóði þessum, í samræmi við aðrar tillögur, sem fyrir þinginu liggja í þessum efnum, og vísast í því sambandi til greinargerðar við frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.